
N O R Ð F I R Ð I N G U R

1. tölublað

14. árgangur

S Ó L A R K A F F I

Norðfirðingafélagsins verður haldið í
Safnaðarheimili Bústaðakirkju, sunnudaginn
4. febrúar 1990 kl. 15.30 stundvíslega.

Dagskrá: Sólarkaffi með heimabökuðum sólar-
pönnukökum á norðfirska vísu.

Vilhjálmur Hjálmarsson frá Brekku
í Mjóafirði rabbar við okkur í
léttum dúr.

Mætum öll í sólskinsskapi !

Viðtakandi:

Eyþór Einarsson

Bólslatahlið 66

105 Rík

Aðalfundur Norðfirðingafélagsins var haldinn í Safnaðarheimili Bústaðakirkju, sunnudaginn 26. nóv. s.l. Fundurinn var vel sóttur og ríkti mikil jólastemning á fundinum. Aðalfundarstörf gengu að venju fljótt fyrir sig. Fundarstjóri var Jón Karlsson. Að þessu sinni gengu úr stjórn félagsins þau Elsa Christensen, sem hefur verið formaður mörg undanfarin ár og staðið sig með stakri þryði, Guðni Stefánsson og Halldóra Axelsdóttir. Eru þeim hér með þökkun frá bær störf í þágu félagsins. Í þeirra stað voru kjörin í stjórn, Hallveig Hilmarsdóttir, Jón Karlsson og Vilhjálmur Árnason, sem hér með eru boðin velkomin til starfa. Hákon Björnsson sem starfað hafði í stjórninni um nokkurra ára skeið lét undan þrýstingi fráfarandi formanns á síðustu stundu og var kjörinn formaður félagsins. Auk framangreindra skipa stjórnina Jóhanna Óskarsdóttir, Jón Guðmundsson og Ólöf Hannesdóttir. Elsa Christensen hefur beðið Norðfirðing að færa öllum samstarfsmönnum sínum í stjórn félagsins og öllum þeim sem veittu henni hjálparhönd bestu kveðju og þakkir, ekki síst vöskum félagskonum fyrir allan baksturinn. Við fengum heimsókn þeirra Ásu Davíðs-

dóttur og Valgerðar Jónu Gunnarsdóttur sem sungu fyrir jóla- og aðalfundargesti við undirleik Judy Þorbergsson. Söngur þeirra vakti almenna hrifningu fundarmanna. Þökk sé þeim fyrir frábæran söng og undirleik. Eitt af fyrstu verkum stjórnar félagsins var að færa íbúum Breiðabliks við Fjórðungssjúkrahúsið heima á Norðfirði sjónvarp og myndlykil Stöðvar 2 að gjöf. Athygli skal vakin á því, að árshátíð félagsins verður haldin föstudaginn 16. mars n.k. að Hótel Loftleiðum Víkingasal. Stjórn félagsins er þegar farin að huga að skemmtiatriðum fyrir hátíðina og mun sjá um að vandað verði til þeirra eftir því sem kostur er. Norðfirðingur mun greina frá dagskrá árshátíðarinnar þegar þar að kemur, en biður félagaga að merkja við þann 16. mars n.k. á almanakinu sem fráteknum fyrir hátíðina. Þeir sem eiga ógreidd félagsgjöld eru hér með hvattir til þess að greiða þau hið fyrsta. Fyrirverandi stjórnarmenn í félaginu og aðrir sem kynnu að hafa undir höndum gögn eða muni sem tilheyra félaginu og vert væri að